

AUGLÝSING

**um starfsleyfi fyrir móttöku og förgun úrgangs. Sorpmálanefnd
sveitarfélaga á Miðhéraði, Egilsstaðabær, Fellahreppur, Vallahreppur.
Förgunarstaður í Tjarnarlandi, Hjaltastaðapinghá.
Móttökustöð á Egilsstöðum.**

1. Almenn ákvæði.

- 1.1. Starfsleyfi þetta gildir fyrir móttöku, flokkun, endurvinnslu, pökkun og urðun úrgangs fyrir athafnasvæði sorpmálanefndar Miðhéraðs.
- 1.2. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 1.3. Sorpmálanefndinni er skylt að sjá um að góðrar umgengni sé gætt á athafnasvæðum nefndarinnar. Úrgang og annað rusl, svo sem pappír og plast, sem kann að berast út fyrir athafnasvæðin skal hreinsa upp jafnóðum.
- 1.4. Öll brennsla úrgangs á athafnasvæðunum er óheimil. Óski rekstraraðili að koma upp brennsluofni þarf að fá sérstakt starfsleyfi fyrir slíkan rekstur.
- 1.5. Óski rekstraraðili eftir því að gera umtalsverðar breytingar á rekstrinum, skal sækja um nýtt starfsleyfi til Hollustuverndar ríkisins, í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar nr. 389/1990.
- 1.6. Komi fram mengun frá starfseminni, sem ekki er í samræmi við gögn sem lögð eru fram með umsókn um starfsleyfi ber rekstraraðila að stöðva áframhaldandi mengun, á sinn kostnað, og hreinsa þá mengun sem þegar hefur orðið.
- 1.7. Hollustuvernd ríkisins getur, að höfðu samráði við heilbrigðiseftirlit Austurlands-svæðis, lagt til við umhverfisráðherra, að starfsleyfi þetta verði endurskoðað, ef í ljós kemur að frá starfseminni sé hætta á skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings eða röskun lífríkis.
- 1.8. Ákvæði laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og ákvæði mengunarvarnareglugerðar nr. 389/1990, gilda um starfsemi fyrirtækisins eftir því sem nánar er fyrirmælt í starfsleyfi þessu.

2. Ákvæði til varnar mengunar ytra umhverfis.

- 2.1. Móttöku- og flokkunarstöð að Tjarnarási 11, Egilsstöðum.
- 2.1.1. Starfsleyfi þetta gildir fyrir móttöku og vinnslu neyslu- og framleiðsluúrgangs svo og sérstaks úrgangs. Móttaka sóttmengaðs úrgangs, geislavirks úrgangs, svo og sprengiefna er óheimil nema samkvæmt sérstöku starfsleyfi. Koma skal upp móttöku fyrir spilliefni í samræmi við ákvæði þar um.
- 2.1.2. Við athafnasvæðin skulu vera leiðbeiningaskilti með greinilegri áletrun um afgreiðslutíma og hvar móttaka einstakra efna fari fram.
- 2.1.3. Athafnasvæði skal vera afgirt. Hlið á girðingu skulu vera læst utan afgreiðslutíma.
- 2.1.4. Á þjónustusvæðinu skal koma fyrir söfnunarstöðvum (gámastöðvum) á heppilegum stöðum, þar sem almenningur og smærri fyrirtæki geta losað sig við flokkaðan úrgang. Koma skal upp leiðbeiningaskiltum með upplýsingum um flokkun úrgangsins eftir því sem ákveðið kann að vera hverju sinni. Í samráði við viðkomandi sveitarfélög, skal koma greinargóðum upplýsingum til almennings um rekstur og tilgang þessara söfnunarstöðva.
- 2.1.5. Þeir aðilar sem framleiðsluúrgangur og sérstakur úrgangur fellur til hjá, sjá um alla meðferð og aðflutning úrgangsins. Sveitarstjórn sér um alla söfnun og aðflutning neysluúrgangs. Allan úrgang sem hætta er á að fjúki eða valdi öðrum umhverfispjöllum í flutningi skal flytja í lokuðum gámum eða vögnum.

- 2.1.6. Brotamálum skal koma til endurvinnslu eftir því sem tök eru á. Áður en vinnsla brotamálma fyrir flutning fer fram skal fjarlægja alla vökva úr bifreiðum, vélum, þrýstikerfum og tækjum, s. s. smurolíur, þrýstiolíur, kælivökva og eldsneyti. Vökva þessa skal endurnýta eftir því sem kostur er á en að öðrum kosti farga reglum samkvæmt.
- 2.1.7. Fjarlægja skal klórflúorkolefni (CFC) og halon af öllum búnaði sem inniheldur slík efni og berst til móttökustöððvar. Skal það gert með aðferðum og tækjum sem tryggja að efnin berist ekki út í umhverfið. Tegundum skal haldið aðskildum og þær geymdar í ílátum sem Hollustuvernd ríkisins hefur viðurkennt til slíkra nota. Klórflúorkolefni (CFC) og halon skulu fara til endurvinnslu eða til förgunar hjá viðurkenndum aðila.
- 2.1.8. Fyrir vinnslu rafgeyma skal geyma þá í síruheldum ílátum. Geymasýru skal safna saman, sía og stilla af sýrustig pH 5 - 9 áður en henni er fargað. Blýagnir úr geymasýru skal skilja frá og þeim komið til endurvinnslu eða fargað sem hættulegum úrgangi.
- 2.1.9. Gengið skal úr skugga um með efnagreiningu að allir rafspennar, rofar og þéttar, sem fyrirtækið tekur á móti innihaldi ekki PCB, þetta skal framkvæmt áður en olía er fjarlægð af búnaði. Ef olía af slíkum búnaði, inniheldur meira en 50 ppm af PCB skal henni fargað sem umhverfismengandi úrgangi. Ef kælivökvi eða olíur úr búnaði innihalda meira en 2000 ppm af PCB er vinnsla búnaðarins óheimil og ber að farga honum samkvæmt fyrirmælum Hollustuverndar ríkisins. Sýnataka og efnagreining skal framkvæmd af aðila sem er viðurkenndur af Hollustuvernd ríkisins.
- 2.1.10. Á svæðum þar sem vökvar eru tæmdir af bifreiðum, bifreiðahlutum, vélum og öðrum slíkum búnaði, og þar sem unnið er með rafspenna, rofa eða þetta skal vera stept undirlag. Á fráveitu frá þessum undirlögum skulu vera olíuskiljur. Olíuskiljubúnaður skal vera í samræmi við leiðbeiningar útgefnar af Hollustuvernd ríkisins.
- 2.1.11. Stærð og gerð olíuskilja skal miðast við að olía í fráveituvatni sé ekki meiri en 15 mg/l. Aðstaða skal vera til sýnatöku af fráveituvatni þar sem það kemur úr olíuskiljum.
- 2.1.12. Neysluúrgang og þann hluta framleiðslu- og sérstaks úrgangs sem ekki verður nýttur eða enduruninn skal þjappa saman, eftir því sem unnt er, með þar til gerðum búnaði og flytja til urðunar í lokuðum gámum eða vögnum. Úrgangspressu og tilheyrandi búnað, svo sem móttökusíló skal þrifa vandlega í lok hverrar vinnuvaktar, þegar unnið hefur verið með neysluúrgang.
- 2.1.13. Halda skal dagbók um rekstur úrgangspressunnar. Þar skal skrá rekstrartíma, upplýsingar um þrif, mat á umhverfisáhrifum, hugsanlegar kvartanir vegna starfseminnar og annað sem máli skiptir. Eftirlitsaðila skal veittur aðgangur að dagbók, sé þess óskað.
- 2.1.14. Koma skal upp móttökuaðstöðu þar sem almenningi gefst kostur á að losna við spilliefni. Móttökuaðstaða skal vera læst utan þess sem opnað er fyrir einstaka viðskiptavini.
- 2.1.15. Í móttökuaðstöðu skal spilliefnum og hættulegum efnum, samkvæmt viðauka 4 í mengunarvarnareglugerð safnað, pakkað og búin til flutnings til viðurkenndrar móttökustöðvar og eyðingar. Í samvinnu við heilbrigðiseftirlit Austurlandssvæðis og Hollustuvernd ríkisins skal rekstraraðili standa fyrir kynningu og reglulegri innsöfnun á slíkum úrgangi. Kynningin skal ná bæði til almennings og fyrirtækja.
- 2.1.16. Haga skal aðstöðu við móttökusvæði spilliefna á þann veg að í stað fráveitu frá því svæði séu öll fljótandi spilliefni sem hugsanlega fara niður fönguð með ídrægum efnum eða fönguð í lokaða tanka, þaðan sem hægt er að ná þeim til baka. Sérstök ídræg efni skulu ávallt vera til staðar til að hreinsa upp olíu- og leysiefnaúrgang sem kann að fara til spillis.

- 2.1.17. Þeir aðilar sem annast flutninga á spilliefnum fyrir rekstraraðila skulu hafa til þess búnað viðurkenndan af heilbrigðiseftirliti Austurlands.
- 2.1.18. Fráveitulagnir frá móttökusvæðum skulu búnar olúskiljum. Allar fráveitulagnir skulu að öðru leyti vera í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar nr. 389/1990. Brunnar til sýnatöku á fráveituvatni skulu vera á fráveitu.
- 2.1.19. Verktakar sem annast úrgangsmeðhöndlun fyrir rekstraraðila skulu hlýta ákvæðum starfsleyfis þessa hvað mengunarvarnir varðar.
- 2.1.20. Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að varna foki á þeim efnum sem endurunnin eru og geymd á útisvæði eftir vinnslu.
- 2.1.21. Fyrirbyggja skal að vargfugl eða meindýr taki sér bólfestu eða eigi sér viðverustað á athafnasvæðum rekstraraðila.
- 2.1.22. Takmarka skal umhverfishávaða frá starfseminni eftir því sem kostur er. Hávaði við lóðarmörk skal ekki vera meiri en 70 dB_(A)Leq. Ef um greinilega ríkjandi tón eða reglubundna hávaðatoppa er að ræða skal lækka mörkin um 5 dB_(A)Leq.
- 2.2. Urðunarstaður í Tjarnarlandi.
- 2.2.1. Förgun úrgangs, eftir meðhöndlun í móttökustöð, fari einungis fram á þar til útbúnum stað, þ. e. á urðunarstað í Tjarnarlandi.
- 2.2.2. Allt athafnasvæðið skal girt traustri girðingu. Hlið skulu einungis opin á þeim tímum sem urðun stendur yfir. Takmarka skal aðgang annarra að svæðinu en rekstrar- og eftirlitsaðila.
- 2.2.3. Ekki skal vera nema eitt urðunarsvæði í notkun samtímis. Með urðunarsvæði er átt við afmarkaðar urðunarreinar sem ekki ná yfir stærra svæði en 1 hektara.
- 2.2.4. Botn urðunarsvæðis skal vera hallandi og fráveiturás þar sem hann er lægstur. Lagnir skulu við það miðaðar að geta flutt frá svæðinu grunnvatn er kann að flæða um botn gryfjunnar svo og sigvatn úr urðunarstæðu. Miðað skal við að stöðugt vatnsborð nái ekki upp í úrgang sem lagður hefur verið í urðunargryfju. Koma skal fyrir mælibrunnum til að fylgjast með vatnshæð og til sýnatöku. Hollustuvernd ríkisins getur, ef niðurstöður mælinga samkvæmt ákvæðum greinar 3.2. gefa tilefni til, gert kröfur um hreinsun fráveituvatns.
- 2.2.5. Úrgangur sem lagður hefur verið í urðunargryfju skal þakinn samdægurs. Við frágang endanlegs þekjulags skal koma fyrir jarðlögum til þéttingar og mótun þekjulags skal vera með þeim hætti að sigvatn verði sem minnst. Þykkt endanlegs þekjulags skal vera minnst 100 cm. Í efsta lagið skal sá grasfræi.
- 2.2.6. Koma skal í veg fyrir fok á urðunarstaðnum. Fokvarnir skulu vera til staðar.
- 2.2.7. Fyrirbyggja skal að vargfugl og meindýr taki sér bólfestu eða eigi sér viðverustað á athafnasvæðinu.
- 2.2.8. Takmarka skal hávaða frá starfseminni eftir því sem kostur er. Hávaði við lóðarmörk má ekki vera meiri en 70 dB_(A)Leq. Ef um greinilega ríkjandi tón eða reglubundna hávaðatoppa er að ræða skal lækka mörkin um 5 dB_(A)Leq.

3. Mælingar og eftirlit.

- 3.1. Áður en starfsemi hefst skal fara fram sýnataka úr fráveitu. Að loknu fyrsta starfsári urðunarstaðar skal taka sýni og greina úr sýnatökubrunnum og síðan árlega eftir það. Þetta fyrirkomulag mælingaefirlits skal endurskoða á grundvelli mæliniðurstaðna að lokinni þriggja ára starfsemi ef Hollustuvernd ríkisins eða fyrirtækið óska þess.
- 3.2. Greina skal eftirfarandi í vatnssýnum frá urðunarstað.

Heildarfosfór
Kadmíum (Cd)
Blý (Pb)
Súrefnisþörf (COD)

Heildarköfnunarefni
Kvikasilfur (Hg)
Járn (Fe)
Sýrustig (pH)
Hitastig (°C)

- 3.3. Sorpmálanefnd Miðhéraðs skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinganna og fá til þess hæfa aðila. Beita skal aðferðum sem Hollustuvernd ríkisins samþykkir. Efnagreiningar fari fram af viðurkenndum aðila.
 - 3.4. Niðurstöður mælinga skal senda Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðiseftirliti Austurlandssvæðis þegar þær liggja fyrir.
 - 3.5. Hollustuvernd ríkisins hefur eftirlit með mælingum og mæliaðferðum. Nákvæmt mat á niðurstöðum og hugsanlegar samanburðarmælingar skulu fara fram í samræmi við ákvæði gildandi mengunarvarnareglugerðar. Hollustuvernd ríkisins skal upplýsa sorpmálanefnd Miðhéraðs og heilbrigðiseftirlit Austurlandssvæðis um niðurstöður matsins, eins fljótt og audið er.
 - 3.6. Reglulegt viðhald í samræmi við áætlun þar um skal vera á öllum mengunarvarnabúnaði. Eftirlitsáætlun er til endurskoðunar á þriggja ára fresti ef Hollustuvernd ríkisins eða fyrirtækið óska þess.
 - 3.7. Á hverri vinnuvakt á athafnasvæðum fyrirtækisins skal starfa vaktstjóri sem hefur góða þekkingu á öllum búnaði og starfsreglum fyrirtækisins. Vaktstjóri skal hafa þekkingu á ákvæðum starfsleyfis þessa og þeim lögum og reglum sem um starfsemina gilda. Eintök af starfsleyfi og viðkomandi lögum og reglum skulu ávallt tiltæk á vinnustað. Fyrirtækið skal tilnefna fulltrúa sem eftirlitsaðilar eða aðrir geta haft samband við ef þörf krefur utan afgreiðslutíma fyrirtækisins.
 - 3.8. Fulltrúar rekstraraðila skulu a. m. k. á þriggja ára fresti koma á sameiginlegan fund með fulltrúum frá Hollustuvernd ríkisins, Náttúruverndarráði og heilbrigðisnefnd Fljótsdalshéraðs og Borgarfjarðar eystri. Á þessum fundum skal ræða um niðurstöður eftirlits- og umhverfismælinga og rekstur mengunarvarna við úrgangsmeðhöndlun og förgun.
 - 3.9. Einu ári eftir að pressubúnaður fyrir úrgang tekur til starfa skal fara fram athugun á umhverfisáhrifum af þeirri starfsemi. Sú athugun skal framkvæmd í samráði við Hollustuvernd ríkisins. Kanna skal að hve miklu leyti fyrirtæki á svæðinu hafa haft óþægindi vegna lyktarmengunar frá starfseminni. Hollustuvernd ríkisins getur, ef niðurstöður athugunar gefa tilefni til, gert kröfur um auknar mengunarvarnir varðandi starfsemi pressubúnaðar.
- 4. Gjaldskylda.**
- 4.1. Starfsemi sorpmálanefndar á Miðhéraði er flokkað í gjaldskrárflokk, sbr. flokkun starfsleyfis skyldra fyrirtækja með tilliti til mengunarhættu og fyrirkomulags eftirlits samkvæmt mengunarvarnareglugerð eins og hún er hverju sinni. Gjald þetta skal standa undir kostnaði við eftirlit Hollustuverndar ríkisins, samanber þriðja kafla reglugerðarinnar.
- 5. Gildistaka.**
- 5.1. Starfsleyfi þetta gildir til 1. janúar 1998 og er veitt í samræmi við ákvæði greinar 8.4. í mengunarvarnareglugerð nr. 389/1990 sbr. lög nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um starfsleyfi nr. 153/1992.

Reykjavík, 16. nóvember 1992.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.